

**Ávarp rektors Háskóla Íslands, Jóns Atla Benediktssonar við lagningu  
hornsteins Húss íslenskunnar, 21. 4. 2021**

Kæru gestir.

Til hamingju með daginn. Bygging Húss íslenskunnar markar að vissu leyti þáttaskil því með henni verða saman komnar á einum stað hér á Melunum nokkrar mikilvægustu menningarstofnanir og æðsta menntastofnun landsins, þ.e. Háskóli Íslands, Þjóðminjasafn Íslands, Landsbókasafn Íslands – háskólabókasafn, Háskólabíó og síðast en ekki síst Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Segja má að með því sé draumsýn Guðjóns Samúelssonar um Háborg íslenskrar menningar loks orðin að veruleika, þótt Guðjón hafi hugsað henni annan stað þegar hann var að leggja drög að nýju aðalskipulagi Reykjavíkur snemma á 20. öld.

Í þessari glæsilegu byggingu er íslenskan við Háskóla Íslands sameinuð Stofnun Árna Magnússonar sem skapar samlegð er skiptir miklu máli fyrir íslenskt fræðasamfélag. Háskóli Íslands kemur að byggingunni með afgerandi hætti og er um þriðjungur hennar fjármagnaður með framlögum frá Hapdrætti Háskóla Íslands.